

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – febrúar 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tvo mánuði ársins liggur nú fyrir. Þar sem uppgjórið nær aðeins til tveggja mánaða er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu geiðslna milli mánaða. Þetta getur valdið miklum sveiflum í einstökum liðum.

Samkvæmt uppgjörinu eykst handbært fé um 23,4 milljarða króna innan ársins, sem er 9,4 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman 11,1 milljarði hægstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust um 11,5 milljörðum hærri en í fyrra á meðan gjöldin hækka um 2,1 milljarð. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er jákvæður um 20,9 milljarða króna sem er 2,9 milljörðum betra en á sama tíma í fyrra.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – febrúar 2006 (Í milljónum króna)

| | <u>2002</u> | <u>2003</u> | <u>2004</u> | <u>2005</u> | <u>2006</u> |
|--|----------------|---------------|----------------|----------------|---------------|
| Innheimtar tekjur | 41.483 | 44.155 | 48.732 | 60.718 | 72.244 |
| Greidd gjöld | 38.173 | 42.266 | 44.897 | 47.897 | 49.967 |
| Tekjujöfnuður | 3.309 | 1.889 | 3.836 | 12.821 | 22.277 |
| Söluhagn. af hlutabr. og eignahl. | - | -425 | - | - | - |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda | 80 | 659 | 121 | 1.117 | 1.084 |
| Handbært fé frá rekstri | 3.389 | 2.123 | 3.957 | 13.938 | 23.361 |
| Fjármunahreyfingar | -235 | 333 | -1.335 | 4.011 | -2.469 |
| Hreinn lánsfjárfjöfnuður | 3.154 | 2.456 | 2.622 | 17.948 | 20.892 |
| Afborganir lána | -10.688 | -4.851 | -13.878 | -11.215 | -8.064 |
| Innanlands | -599 | -4.851 | -22 | -2.216 | -8.058 |
| Erlendis | -10.088 | - | -13.857 | -9.000 | -6 |
| Greiðslur til LSR og LH | -1.500 | -1.250 | -1.250 | -500 | -660 |
| Lánsfjárfjöfnuður. brúttó | -9.033 | -3.645 | -12.506 | 6.233 | 12.168 |
| Lántökur | 11.185 | 175 | 17.571 | 1.016 | 1.532 |
| Innanlands | 1.062 | 4.022 | 3.218 | -3.931 | 1.532 |
| Erlendis | 10.123 | -3.848 | 14.353 | 4.947 | - |
| Greiðsluafkoma ríkissjóðs | 2.152 | 2.017 | 5.064 | 7.249 | 13.700 |

Heildartekjur ríkissjóðs námu ríflega 72,2 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs sem er ríflega 11,5 ma.kr. meiri innheimta en á sama tíma í fyrra, eða um 19% aukning. Ef hins vegar tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur hækkunin 13,6%. Þar af námu skatttekjur og tryggingagjöld ríflega 65,3 ma.kr. sem er 13,8% hækkun frá síðasta ári. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 4,2% þannig að skatttekjur og tryggingagjöld hækkuðu að raungildi um 9,1%.

Skattar á tekjur og hagnað námu 33,2 ma.kr. og hækkuðu um ríflega 10,4 ma.kr. frá síðasta ári, eða um 45,8%. Munar þar mest um aukna innheimtu fjármagnstekjuskatts en á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs nam hún 13,9 ma.kr. sem er 48,5% aukning frá sama tíma árið á undan. Jafnframt skýrist 4,6 ma.kr. hækkun tekjuskatts lögaðila að mestu af áður nefndri tilfærslu milli mánaða. Innheimt tryggingagjöld jukust einnig frá fyrra ári, eða um 15,5% en hér ber að nefna að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 8,5% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta nam 2 ma.kr. sem er lækkun um 15,3% frá sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld um 1,3 ma.kr. en innheimta þeirra hefur dregist saman frá fyrra ári um 14,6% sem er meðal annars vegna þess að dregið hefur úr skuldbreytingu lána.

Innheimta almennra veltuskatta nam 27 ma.kr. sem er aukning um 1,3% frá fyrra ári en raunlækkun upp á 2,9% sem skýrist alfarið af lagabreytingu sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum. Breytingin skýrir 2,8% lækkun á innheimtu virðisaukaskatts frá fyrra ári. Af öðrum

óbeinum sköttum má nefna að vörugjöld af ökutækjum skiluðu ríflega fimmtungi meiri tekjum en á sama tíma í fyrra sem er umtalsverð aukning en þó nokkuð minni en hefur verið undanfarin ár. Þetta endurspeglar þá þróun að nokkuð hefur hægt á aukningu innflutnings bifreiða en nýskráningum bíla hefur fjölgað um 24,6% á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs miðað við 79% á sama tíma fyrir ári.

Greidd gjöld nema tæpum 50 milljörðum króna og hækka um 2,1 milljarð frá fyrra ári, eða um 4,3%. Nú er í fyrsta sinn í mánaðarlegum greiðsluuppgjörum birt sundurliðun gjalda samkvæmt nýjum staðli Sameinuðu þjóðanna um skiptingu gjalda á málaflokka, (COFOC). Hjá málaflokkum almannatryggingar og velferðarmál kemur fram 1,1 milljarðs aukning gjalda milli ára. Næstmest er aukningin í heilbrigðismálum, eða 0,9 milljarðar og menntamálum 0,8 milljarðar. Samtals vega heilbrigðismál og almannatryggingar rúmlega helming af útgjöldunum. Á móti hækkunum vegur 1,1 milljarðs lækkun almennrar þjónustu, sem skýrist alfarið af 1,8 milljarða lækkun vaxtagjalda ríkissjóðs, en í janúar í fyrra var stór flokkur spariskírteina forinnleystur sem leiddi til 1,2 milljarða vaxtagjalda. Þá leiddi afborgun erlends láns til 0,9 milljarða vaxtagjalda í fyrra.

Lántökur nema aðeins 1,5 milljörðum króna á móti 7,5 milljörðum í fyrra. Að auki voru stutt innlend lán greidd niður um 8 milljarða króna. Eiginfjárframlag ríkisins í Nýsköpunarsjóð var aukið um 1 milljarð króna og loks voru 0,7 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 13,7 milljarða króna á fyrstu tveimur mánuðum ársins 2006.

Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar 2006

| | Í milljónum króna | | | Breyting frá fyrra ári, % | | |
|--------------------------------------|-------------------|---------------|---------------|---------------------------|-------------|--------------|
| | <u>2004</u> | <u>2005</u> | <u>2006</u> | <u>2004</u> | <u>2005</u> | <u>2006</u> |
| Skatttekjur og tryggingagjöld | 45.704 | 57.404 | 68.547 | 11,8 | 25,6 | 19,4 |
| Skattar á tekjur og hagnað | 17.819 | 22.788 | 33.228 | 13,2 | 27,9 | 45,8 |
| Tekjuskattur einstaklinga | 10.572 | 12.086 | 13.405 | 9,3 | 14,3 | 10,9 |
| Tekjuskattur lögaðila | 1.034 | 1.375 | 5.966 | - | - | - |
| Skattur á fjármagnstekjur | 6.213 | 9.328 | 13.856 | 9,3 | 50,1 | 48,5 |
| Eignarskattar | 1.580 | 2.380 | 2.016 | 24,3 | 50,7 | -15,3 |
| Skattar á vöru og þjónustu | 21.710 | 26.638 | 26.973 | 9,8 | 22,7 | 1,3 |
| Virðisaukaskattur | 15.139 | 18.659 | 18.133 | 13,0 | 23,3 | -2,8 |
| Vörugjöld af ökutækjum | 709 | 1.339 | 1.618 | 34,3 | 88,9 | 20,8 |
| Vörugjöld af bensíni | 1.311 | 1.374 | 1.441 | 10,6 | 4,8 | 4,9 |
| Skattar á olíu | 1.122 | 1.293 | 787 | 13,9 | 15,2 | -39,1 |
| Áfengisgjald og tóbaksgjald | 1.526 | 1.578 | 1.656 | -12,3 | 3,4 | 4,9 |
| Aðrir skattar á vöru og þjónustu | 1.903 | 2.394 | 3.338 | -1,8 | 25,8 | 39,4 |
| Tollar og aðflutningsgjöld | 397 | 425 | 362 | 0,5 | 7,0 | -14,8 |
| Aðrir skattar | 75 | 103 | 112 | 735,2 | 37,0 | 8,9 |
| Tryggingagjöld | 4.124 | 5.071 | 5.857 | 11,4 | 23,0 | 15,5 |
| Fjárframlög | 66 | 120 | 111 | 8,4 | 81,0 | -7,1 |
| Aðrar rekstrartekjur | 2.960 | 3.123 | 3.571 | 8,1 | 5,5 | 14,3 |
| Sala eigna | 0 | 70 | 14 | - | - | - |
| Tekjur alls | 48.730 | 60.718 | 72.244 | 10,4 | 24,6 | 19,0 |

Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar 2006

| | Í milljónum króna | | | Breyting frá fyrra ári. % | |
|-------------------------------------|-------------------|---------------|---------------|---------------------------|-------------|
| | <u>2004</u> | <u>2005</u> | <u>2006</u> | <u>2005</u> | <u>2006</u> |
| Almenn opinber þjónusta | 7.131 | 7.866 | 6.745 | 10,3 | -14,3 |
| Þar af vaxtagreiðslur | 1.911 | 2.385 | 591 | 24,8 | -75,2 |
| Heilbrigðismál | 11.605 | 12.876 | 13.812 | 10,9 | 7,3 |
| Almannatryggingar og velferðarmál | 10.524 | 10.687 | 11.819 | 1,6 | 10,6 |
| Efnahags- og atvinnumál | 6.002 | 5.936 | 5.672 | -1,1 | -4,5 |
| Menntamál | 5.459 | 6.253 | 7.089 | 14,5 | 13,4 |
| Menningar-, íþróttá- og trúmál | 2.284 | 2.332 | 2.628 | 2,1 | 12,7 |
| Löggæsla, réttargæsla og öryggismál | 1.415 | 1.452 | 1.641 | 2,7 | 13,0 |
| Umhverfisvernd | 445 | 430 | 495 | -3,3 | 15,0 |
| Húsnæðis- skipulags- og veitumál | 32 | 64 | 67 | 102,6 | 4,5 |
| Gjöld alls | 44.897 | 47.897 | 49.967 | 6,7 | 4,3 |